

á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 og 1997/1998. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu fiskveiðiáranna. Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátnum og þeirra sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga sem fluttir hafa verið til bátsins. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrir en Fiskistofa hefur staðfest hann. Ráðherra setur nánari reglur um flutning sóknardaga vegna endurnýjunar eigin báts.

Óheimilt er að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hafa haft leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum, leyfi til að stunda veiðar samkvæmt þessari grein. Þá er óheimilt að stækka bát sem hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 18. janúar 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.